




ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Akureyrarbær

Endurskoðunarskýrsla 2020

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2020</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>6 - 10</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>11 - 13</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>14</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>15</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>16</i>
<i>Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar</i>	<i>17 - 19</i>

Endurskoðun ársins 2020

Akureyri, 4. maí 2021

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Akureyrarbæjar fyrir árið 2020. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi - áritunarendurskoðandi
Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi - áritunarendurskoðandi
Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur
Björn Óli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi - gæðarýnir

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi



Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Davíð Búi Halldórsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: david.bui@enor.is
Sími: 430 1810
Gsm: 851 1800

Niels Guðmundsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is
Sími: 430 1806
Gsm: 851 1806

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:


- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.
- Sjá upplýsingar um helstu þætti í ferlum og innra eftirliti á bls. 15 í skýrslunni.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk samstæðu A og B hluta voru skilgreind kr. 413,5 milljónir eða 1,5% af rekstrartekjum en við skilgreiningu á mörkunum var horft á meðaltal ársins 2019 og áætlunar fyrir árið 2020. Ákvörðun mikilvægismarkanna er byggð á þekkingu okkar á rekstri sveitarfélagsins og reynslu af sambærilegum verkefnum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 16,5 millj.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkunum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju. Við viljum þó vekja athygli á umfjöllun um óvissu varðandi útsvarstekjur ársins á bls. 8 í skýrslunni.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikningskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.



Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2020	Áætlun með viðaukum	2019	2020	Áætlun með viðaukum	2019
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	12.966.952	12.995.731	12.350.816	12.903.891	12.895.403	12.258.575
Framlög jöfnunarsjóðs	3.940.933	3.792.000	3.712.028	3.940.933	3.792.000	3.712.028
Aðrar tekjur	3.814.006	3.467.880	4.298.279	10.769.398	10.223.407	11.208.209
	20.721.891	20.255.611	20.361.123	27.614.222	26.910.810	27.178.812
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	12.712.178	12.625.496	11.847.139	16.545.597	16.398.841	15.114.007
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	1.070.474	830.000	342.986	1.087.944	842.000	361.182
Annar rekstrarkostnaður	6.798.918	6.720.995	6.617.468	8.011.822	7.749.124	8.266.187
Afskriftir	991.055	993.955	928.106	1.995.692	1.938.850	1.818.321
	21.572.625	21.170.446	19.735.699	27.641.055	26.928.815	25.559.697
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði	(850.734)	(914.835)	625.425	(26.833)	(18.005)	1.619.115
Fjármagnsliðir	(772.889)	(919.761)	(568.213)	(1.622.639)	(1.534.058)	(1.151.001)
Tekjuskattur	0	0	0	(1.660)	(51.267)	(30.002)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	0	0	0	39.542	0	25.342
Rekstrarniðurstaða ársins	(1.623.623)	(1.834.596)	57.212	(1.611.591)	(1.603.330)	463.454

Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:

Laun og launatengd gjöld	61%	62%	58%	60%	61%	56%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	5%	4%	2%	4%	3%	1%
Annar rekstrarkostnaður	33%	33%	33%	29%	29%	30%

Stærðir í rekstri pr. íbúa:

Skatttekjur og jöfnunarsjóður	880	873	844	876	868	839
Aðrar tekjur	198	180	226	560	532	589
Laun og launatengd gjöld	661	657	623	861	853	794
Annar rekstrarkostnaður	354	350	348	417	403	434
Fjármagnsliðir	(40)	(48)	(30)	(84)	(80)	(60)

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 27.614 millj. á árinu 2020 og hækka um kr. 435 millj. milli ára eða um 1,6%. Tekjur samstæðunnar eru 2,6% umfram áætlun ársins 2020.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 16.546 millj. á árinu 2020 og hækka um kr. 1.432 millj. milli ára eða 9,5%. Launakostnaður er aðeins yfir áætlun ársins en frávik frá áætlun er 0,9% hjá samstæðunni. Fjöldi meðalstöðugilda hækkar um 2,0% og voru 1.631 á árinu 2020 en 1.599 árið áður. Laun og launatengd gjöld eru 60% af rekstrartekjum ársins samanborið við 56% árið áður.

Lífeyrisskuldbindingar

Hækkun lífeyrisskuldbindinga í A hlutanum nam kr. 1.070 millj. á árinu 2020 en samanlögð hækkun A og B hluta var kr. 1.088 millj. Miklar launahækkningar opinberra starfsmanna skýra hækkun skuldbindinganna en góð ávöxtun var þó á eignir LSA á árinu 2020 sem að vegur á móti hækkunum.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 8.012 millj. á árinu 2020 og lækkar um kr. 254 millj. milli ára eða 3,1%. Annar rekstrarkostnaður er kr. 263 millj. yfir áætlun eða 3,4%.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 1.623 millj. á árinu 2020 sem er um kr. 89 millj. yfir áætlun. Frávikkið liggur í verðbótum og gengismun en nokkuð gengistap var á árinu hjá dótturfélaginu Norðurorku.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma og samanburður við áætlun

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2020 um kr. 1.624 millj. samanborið við kr. 1.835 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun. Tap varð á rekstri samstæðu sveitarfélagsins A og B hluta að fjárhæð kr. 1.612 millj. á árinu 2020 samanborið við kr. 1.603 millj. neikvæða afkomu skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 8,3 millj. verri en áætlun gerði ráð fyrir. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir kr. 107 millj. afgangi af rekstri samstæðunnar. Viðaukar sem samþykktir voru við fjárhagsáætlun ársins voru samtals 17 og samanlagt gerðu viðaukarnir ráð fyrir verri rekstrarniðurstöðu sem nam kr. 1.710 millj.

Helstu frávik frá fjárhagsáætlun má sjá í töflunni hér til hliðar en helstu skýringar á þeim eru:

- Skatttekjur - framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru yfir áætlun og þá sérstaklega framlög frá jöfnunarsjóði vegna fatlaðs fólks.
- Félagsþjónustan – launaliðirnir hækka mikið en eru undir áætlun og endurgreiðslur og framlög eru yfir áætlun.
- Fræðslumál – launaliðirnir að hækka mikið og eru yfir áætlun.
- Æskulýðs og íþróttamál – rekstur íþróttahúsa og sundlauga heilt yfir undir áætlun en launakosnaður vegna vinnuskóla varð einnig lægri en áætlað.
- Samgöngumál – malbikunarframkvæmdir minni en gert hafði verið ráð fyrir, snjómokstur undir áætlun en þó svipaður og 2019. Framlag til SVA lægra.
- Atvinnumál – þjónustukaup vegna kynningarstarfsemi lægri en áætlað.
- Fjármagnsliðir – verðbólga varð hærri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun og svo var áætlun á vaxtatekjum og vaxtagjöldum mjög varfærin sem að skýrir bæði frávik á fjármunatekjum í aðalsjóði og einnig frávik í rekstri Fasteigna Akureyrarbæjar.
- Félagslegar íbúðir – söluhagnaður skýrir jákvætt frávik frá áætlun.
- Hafnasamlag Norðurlands – tekjur drógust meira saman en áætlun gerði ráð fyrir og felst það helst í tekjum vegna skemmtiferðaskipa.
- Norðurorka – gengistap hjá félaginu nam um kr. 190 millj. á árinu sem að hefur veruleg áhrif á afkomu ársins.

Breyting lífeyrisskuldbindinga í aðalsjóði var neikvæð um kr. 1.070 millj. á árinu samanborið við kr. 830 millj. skv. áætlun ársins. Ávöxtun eigna hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar var góð á árinu og hélt í við mikla hækkun skuldbindinga sjóðsins. Nánar er fjallað um lífeyrisskuldbindingar á bls. 13 í skýrslunni.

Frávik frá áætlun (í þús kr.)	Rauntölur	Áætlun	Frávik	Frávik%
Skatttekjur	17.856.703	17.701.000	155.703	0,9%
Félagsþjónusta	(4.788.468)	(4.939.337)	150.869	-3,1%
Fræðslumál	(8.161.435)	(8.067.586)	(93.849)	1,2%
Æskulýðs- og íþróttamál	(2.392.913)	(2.449.874)	56.961	-2,3%
Samgöngumál	(1.014.860)	(1.102.861)	88.001	-8,0%
Atvinnumál	(206.851)	(240.892)	34.041	-14,1%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(1.070.474)	(830.000)	(240.474)	-
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	485.150	325.030	160.120	49,3%
Fasteignir Akureyrarbæjar	491.696	535.624	(43.928)	-8,2%
Framkvæmdamiðstöð	(99.338)	(15.825)	(83.513)	527,7%
Aðrir málafl. og stofnanir í aðalsjóði	(2.722.833)	(2.749.875)	27.042	-1,0%
A hluti samtals	(1.623.623)	(1.834.596)	210.973	-11,5%
Félagslegar íbúðir	27.149	(14.856)	42.005	-282,7%
Hafnasamlag Norðurlands b.s	(100.537)	(42.803)	(57.734)	134,9%
Norðurorka hf.	206.602	386.011	(179.409)	-46,5%
Önnur B hluta fyrirtæki	(27.727)	(3.942)	(23.785)	603,4%
Millifærslur A og B hluta	(93.454)	(93.144)	(310)	0,3%
B hluti samtals	12.033	231.266	(219.233)	-94,8%
A og B hluti samtals	(1.611.590)	(1.603.330)	(8.260)	0,5%

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 446,3 millj. eða 4,2% milli ára 2019 og 2020, en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafði verið gert ráð fyrir um kr. 489,9 millj. hækkun í útsvarstekjum milli ára eða um 4,7%. Sveitarfélögin fengu greiddar bráðabirgðagreiðslur á árinu 2020 vegna frestunar á gjalddögum staðgreiðslu og tryggingagjalds en ríkið heimilaði fyrirtækjum að fresta greiðslum á árinu 2020 (mest í mars 2020) yfir á árið 2021 vegna covid-19. Akureyrarbær fékk greiddar kr. 307,4 millj. á árinu 2020 í slíkar bráðabirgðagreiðslur. Í upphafi árs 2021 þegar greiðslur fóru að berast frá fyrirtækjum til ríkisins vegna frestana þá greiddi fjársýslan vegna mistaka áfram til sveitarfélagana hluta af því sem var innifalið í bráðabirgðagreiðslunum sem höfðu borist á árinu 2020. Hlutdeild Akureyrarbæjar í ofgreiðslum í janúar 2021 nam kr. 159,8 millj. en einnig voru ofgreiðslur vegna desember að fjárhæð kr. 9,2 millj. Upplýsingar um þessar ofgreiðslur bárust frá fjársýslunni þann 15. mars 2021 í minnisblaði þar sem þessi mál eru tekin saman ásamt töflum þar sem fjárhæðir koma fram fyrir öll sveitarfélögin. Áður hafði Samband íslenskra sveitarfélaga gefið út staðgreiðsluuppgjör fyrir árið þar sem ekki er tekið tillit til uppgjors á þessum bráðabirgðagreiðslum en staðgreiðsluuppgjórið gerir ráð fyrir að bráðabirgðagreiðslurnar í heild tilheyri ekki árinu 2020. Það er nokkuð ljóst að greiðslur sem að bárust í janúar 2021 eru vegna frestana í mars 2020 og tilheyra því árinu 2020. Í uppgjori sveitarfélagsins er bráðabirgðagreiðslunni í heild eða kr. 307,4 millj. frestað og uppgjör staðgreiðslu látið stemma við útgefið uppgjör staðgreiðslu frá sambandinu. Upplýsingar varðandi þessi mál og meðhöndlun í uppgjori frá fjársýslunni eru óljósar og einnig virðist þetta mál ekki hafa verið skoðað sérstaklega hjá sambandinu eftir að staðgreiðsluuppgjör ársins var gefið út. Við vitum af því að meðhöndlun sveitarfélaga á þessu er eitthvað misjöfn en einhver sveitarfélög hafa frestað bráðabirgðagreiðslunni í heild yfir á árið 2021 líkt og gert er hjá Akureyrarbæ en einhver kunna að tekjufæra hluta af henni á árið 2020.

Tekjur vegna fasteignaskatta hækka um 9,3% milli ára sem er nokkuð í takti við áætlun ársins.

Framlög úr jöfnunarsjóði hækka um kr. 228,9 millj. milli ára eða 6,2%, gert var ráð fyrir heldur minni hækkun í áætlun. Tekjujöfnunarframlag, framlög vegna fasteignaskatta, útgjaldajöfnunarframlag og önnur framlög dragast saman en framlög vegna grunnskóla og framlög vegna þjónustu við fatlaða hækka.

Aðrar tekjur A-hluta lækka um kr. 484,3 millj. milli ára en eru þrátt fyrir það kr. 346,1 millj. yfir áætlun ársins.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	Áætlun með					
	2020	viðaukum	2019	2018	2017	2016
Útsvar	10.974.411	11.018.000	10.528.138	9.990.759	9.367.800	8.689.771
Fasteignaskattur, lóðaleiga	1.992.541	1.977.731	1.822.678	1.627.702	1.554.901	1.433.261
Framlag úr jöfnunarsjóði	3.940.933	3.792.000	3.712.028	3.427.947	3.194.377	2.819.725
Aðrar tekjur	3.814.006	3.467.880	4.298.279	3.980.662	3.794.538	3.906.800
	20.721.891	20.255.611	20.361.123	19.027.070	17.911.616	16.849.557

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2020	2019	2020	2019
Fastafjármunir				
Viðskiptavild	0	0	25.111	39.786
Fasteignir og lóðir	24.436.059	23.669.394	28.039.117	26.979.597
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	2.196.377	1.998.635	20.421.281	19.287.478
Vélar, áhöld og tæki	1.062.546	1.277.512	1.838.648	1.901.427
Leigðar eignir	188.199	166.894	188.199	166.894
Eignarhlutir í dóttur- og hlutd.	40.521	16.209	381.166	280.258
Eignarhlutir í öðrum félögum	543.221	668.167	623.579	715.421
Langtímakröfur	1.064.212	1.046.861	1.016.324	998.693
Fyrirframgreitt vegna lífeyrisskuldb.	1.162.455	1.210.835	1.162.455	1.210.835
	<u>30.693.590</u>	<u>30.054.508</u>	<u>53.695.879</u>	<u>51.580.389</u>
Veltufjármunir				
Birgðir	65.186	94.074	302.840	288.007
Önnheimtar skatttekjur og kröfur	1.531.663	1.499.375	1.964.905	1.959.454
Næsta árs afb. af langtímakröfum	67.800	65.335	66.144	63.840
Fyrirframgreiddur kostnaður	48.381	48.381	48.381	48.381
Kröfur á eigin fyrirtæki og tengda	685.777	376.864	8.392	16.359
Aðrar skammtímakröfur	214.462	150.878	291.584	220.738
Markaðsverðbréf	499.614	567.649	513.019	580.516
Handbært fé	2.422.934	1.228.579	2.512.538	1.681.315
	<u>5.535.817</u>	<u>4.031.134</u>	<u>5.707.803</u>	<u>4.858.609</u>
Eignir samtals	<u>36.229.407</u>	<u>34.085.642</u>	<u>59.403.681</u>	<u>56.438.998</u>
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	1,55	1,17	1,23	1,15
Heildareignir pr. íbúa	1.885	1.791	3.091	2.966

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 2.131 millj. milli ára og nema samtals kr. 50.299 millj. í árslok 2020.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar á árinu byggt á hækkan lóðaleigutekna og nam endurmatshækkun þeirra kr. 265 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar á árinu nam kr. 3.921 millj. en afskriftir námu kr. 1.996 millj.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Fasteignir Akureyrar kr. 1.301 millj. í fasteignum og búnaði en þar af nam fjárfesting vegna Klappa leikskóla kr. 361 millj., Glerárskóla kr. 263 millj., Lundarskóla endurbóta kr. 137 millj., breytinga á 1. hæð í Ráðhúsi kr. 104 millj. og nýbyggingu hjá Nökkva kr. 100 millj.
- Eignasjóður kr. 364 millj. í götum og búnaði.
- Félagslegar íbúðir kr. 272 millj. í íbúðum.
- Hafnasamlag Norðurlands kr. 378 millj. í hafnarmannvirkjum og búnaði, þar af kr. 257 millj. vegna Tangabryggju.
- Norðurorka hf. kr. 1.566 millj. í veitumannvirkjum, fasteignum og búnaði en þar af nam fjárfesting í hitaveitu kr. 744 millj. sem er að stórum hluta vegna Hjalteyrarlagar og í fráveitu kr. 353 millj. sem var að mestu leyti vegna nýrrar hreinsistöðvar.

Langtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Undir langtímakröfur í efnahagsreikningi fellur krafa á ríkið að fjárhæð kr. 1.072 millj. vegna leigusamnings um hjúkrunarheimili við Vestursíðu en þessi staða færir niður á leigutíma eignarinnar.

Færð er upp krafa í efnahagsreikningi vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð en framlög í lífeyrisaukasjóð gjaldfærast á 30 árum og framlög í varúðarsjóð á 20 árum. Meðhöndlun er í samræmi við álit frá reikningskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2020	2019	2020	2019
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	12.992.722	14.350.854	25.062.797	26.433.620
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbindingar	4.640.812	3.930.023	4.992.903	4.279.114
Tekjuskattsskuldbinding	0	0	648.576	653.583
Skuldir við lánastofnanir	14.715.505	12.047.447	23.745.715	20.537.652
Leiguskuldir	314.910	316.303	314.910	316.303
	<u>19.671.227</u>	<u>16.293.773</u>	<u>29.702.104</u>	<u>25.786.652</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	720.466	644.710	1.020.569	1.020.478
Skuldir við lánastofnanir	0	0	0	20.013
Skuldir við eigin fyrirtæki	60.624	423.966	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	661.001	476.431	1.048.374	787.237
Næsta árs afborganir leiguskulda	89.763	82.891	89.763	82.891
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga ...	167.622	141.949	180.339	154.558
Fyrirframinnheimtar tekjur	248.215	284.331	248.215	284.331
Aðrar skammtímaskuldir	1.617.767	1.386.737	2.051.521	1.869.219
	<u>3.565.457</u>	<u>3.441.015</u>	<u>4.638.782</u>	<u>4.218.726</u>
Skuldir samtals	<u>23.236.684</u>	<u>19.734.788</u>	<u>34.340.885</u>	<u>30.005.378</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>36.229.407</u>	<u>34.085.642</u>	<u>59.403.681</u>	<u>56.438.998</u>
Lykiltölur				
Eiginfjárlutfall	36%	42%	42%	47%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	62%	55%	85%	73%
Eigið fé pr. íbúa	676	754	1.304	1.389
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	1.209	1.037	1.787	1.577

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta lækkar um kr. 1.371 millj. milli ára. Neikvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 1.612 millj. kemur til lækkunar á eigin fé en á móti er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 265 millj. Einnig er færð leiðrétting á eiginfjárstöðu vegna villu í fyrningarskýrslum fyrri ára að fjárhæð kr. 24,7 millj.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta lækka um kr. 740 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 348 millj. en gjaldfærð hækkun kr. 1.088 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 13 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir hækka um kr. 3.469 millj. milli ára hjá samstæðu A og B hluta ef tekur eru með næsta árs afborganir langtímaskulda. Á árinu 2020 voru tekin ný langtímalán að fjárhæð kr. 3.391 millj. hjá samstæðunni. Lántaka hjá A hluta nam kr. 2.900 millj. á árinu og skiptist þannig að kr. 1.600 millj. voru hjá aðalsjóði, kr. 910 millj. hjá eignasjóði og kr. 390 millj. hjá fasteignum. Á árinu nam afborgun af höfuðstól langtímaskulda kr. 841 millj. hjá samstæðu A og B hluta.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var 85% í árslok 2020 og hækkar það nokkuð milli ára. Hjá A hlutanum var skuldahlutfallið 62% í árslok 2020 samanborið við 55% í ársbyrjun.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat óinnheimtra skatttekna og annarra viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið.

Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna í árslok 2020 hjá A-hluta nam kr. 340,7 millj. sem er 18,2% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 371,4 millj. og 19,9% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 363,7 millj. samanborið við kr. 396,0 millj. í ársbyrjun.

Stærstur hluti niðurfærslunnar er vegna útistandandi útsvarsskulda eða kr. 309,1 millj. í árslok 2020 samanborið við kr. 346,6 millj. í ársbyrjun. Lækkun á niðurfærslu krafna er því að stórum hluta vegna þess að betur hefur gengið að innheimta eldri útsvarsskuldir sem er sama þróun og árið áður. Útistandandi útsvarsskuldir sem eru orðnar eldri en frá árinu 2016 eru færðar að fullu niður og ef heildin er tekin þá eru útistandandi útsvarstekjur færðar niður um 77,5% í árslok 2020. Við höfum einnig farið yfir niðurfærslu annarra krafna en innheimta hefur almennt gengið vel hjá sveitarfélaginu undanfarin ár. Á árinu voru endanlega færðar út kröfur að fjárhæð kr. 9,0 millj. hjá A- og B hluta samanborið við kr. 12,1 millj. árið áður.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2020 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

A hluti (í þús. kr.)	2020	2019
Viðskiptakröfur	1.872.314	1.870.751
Niðurfærsla krafna	(340.651)	(371.376)
Viðskiptakröfur nettó	1.531.663	1.499.375
Niðurfærsla í %	18,2%	19,9%
A- og B hluti (í þús. kr.)	2020	2019
Viðskiptakröfur	2.328.595	2.355.438
Niðurfærsla krafna	(363.690)	(395.984)
Viðskiptakröfur nettó	1.964.905	1.959.454
Niðurfærsla í %	15,6%	16,8%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum var kr. 1.005 millj. í árslok 2020 eftir niðurfærslu en þá eru með talin hlutdeildarfélög. Færð var hlutdeild í afkomu Norak ehf. og Tengis ehf. sem eru hlutdeildarfélög Norðurorku hf. og nam hlutdeildin kr. 39,5 millj. Eignarhlutirnir endurspeglar hlutdeild samstæðunnar í eigin félaganna.

Stærsti einstaki eignarhlutur sveitarfélagsins er í Lánasjóði sveitarfélaga en skv. ársreikningi lánasjóðsins fyrir árið 2020 á sveitarfélagið um 5,49% eignarhlut. Hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé lánasjóðsins er kr. 1.046 millj. mv. ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 og er því líklega nokkuð vanmat á eignarhlutnum í bókum sveitarfélagsins. Engin skylda er á sveitarfélaginu að meta hlutinn í samræmi við eiginfjárstöðu sjóðsins.

Niðurfærsla á móti eignarhlutum í félögum nam kr. 415,1 millj. í árslok samanborið við kr. 312,2 millj. í ársbyrjun. Bætt var við niðurfærsluna á árinu vegna óvissu um virði á eignarhlut sveitarfélagsins í Greiðri leið ehf.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta í árslok.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu í heild hæfilega metnir í árslok 2020.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2020	31.12 2019
Ambassador ehf.	5.526	5.526
Bjarg íbúðafélag, stofnframlag	45.259	18.974
Brynja hússjóður, stofnframlag	20.128	14.180
Dysnes ehf.	2.100	2.000
Flokkun Eyja fjórður ehf.	162.084	162.084
GPO ehf.	5.000	5.000
Greið leið ehf.	186.196	186.196
Hlíðarhryggur ehf.	2.000	2.000
Hrafnabjargavirkjun hf.	16.596	16.596
Íslensk orka ehf.	58.981	58.981
Landskerfi bókasafna hf.	4.079	4.079
Laxá hf.	29.369	29.369
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	485.909	485.909
Molta ehf.	25.000	25.000
NetOrka hf.	4.864	4.864
Norak ehf.	74.891	63.237
Norðurvegur ehf.	3.000	3.000
Orkey ehf.	20.039	17.010
Tengir hf.	265.754	200.812
Vaðlaböð ehf.	2.000	2.000
Þekkingarvörður ehf.	430	430
Vistorka ehf.	500	500
Aðrir eignarhlutir	120	120
Niðurfærsla eignarhluta	(415.081)	(312.189)
	1.004.744	995.679

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Lífeyrisskuldbindingar

Akureyrarbær er í bakábyrgð gagnvart öllum skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) samkvæmt samþykktum sjóðsins. Að mati stjórnenda Akureyrarbæjar bera aðrar stofnanir og fyrirtæki ábyrgð á hluta af skuldbindingum sjóðsins. Ekki hefur verið gengið frá formlegum samningum vegna ábyrgða annarra aðila á skuldbindingum sjóðsins en einkum er um að ræða opinbera aðila sem eru að greiða viðbótarframlög inn í sjóðinn.

Samkvæmt tryggingafræðilegu mati í ársreikningi LSA fyrir árið 2020 námu áfallnar skuldbindingar sjóðsins kr. 20.632 millj. í árslok 2020 samanborið við kr. 19.234 millj. í ársbyrjun. Endurmetnar eignir sjóðsins námu kr. 11.619 millj. og voru því skuldir sjóðsins umfram eignir kr. 9.013 millj. í árslok 2020. Akureyrarbær færir kr. 4.979 millj. sem skuldbindingu vegna LSA í árslok og er því talið að kr. 4.034 millj. af skuldbindingum sjóðsins tilheyri öðrum en stærst þar er ríkið vegna FSA.

Til viðbótar við skuldbindingar vegna LSA er færð hjá sveitarfélaginu skuldbinding vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð kr. 194 millj. í árslok 2020.

Staða vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð er færð upp sem krafa í ársreikningi sveitarfélagsins undir fyrirframgreiddum kostnaði, sem var bókfærð á kr. 1.211 millj. í árslok 2020. Greiðsla á skuldbindingunni var fjármögnuð með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga en eftirstöðvar hennar skiptast í lífeyrisaukasjóð (kr. 1.100 millj. gjaldfært á 30 árum) og varúðarsjóð (kr. 110 millj. gjaldfært á 20 árum). Gerð er grein fyrir áhrifum samkomulagsins við Brú í skýringu nr. 20 í ársreikningi sveitarfélagsins.

Niðurstöður og helstu endurskoðunaraðgerðir

Við höfum fengið og yfirfarið upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) og skiptingu á skuldbindingum sjóðsins. Farið var yfir tryggingafræðilega stöðu LSA með stjórnendum sjóðsins þar sem farið var yfir helstu breytingar í matinu og þær forsendur sem liggja að baki. Staðfest var hvaða aðilar eru að greiða viðbótariðgjöld inn í sjóðinn til þess að mæta skuldbindingum hans. Við settum einnig fram væntingar um stöðu skuldbindinganna í árslok og bárum saman við niðurstöður tryggingastærðfræðingsins.

Helstu niðurstöður yfirferðar hjá LSA eru eftirfarandi:

- Staða áfallinna skuldbindinga sjóðsins umfram eignir er neikvæð um 43,7% í árslok 2020 samanborið við 41,2% árið áður.
- Áfallnar skuldbindingar hækka um 1.397,5 millj. kr. eða 7,3% og nema skuldbindingar umfram eignir 9.013,0 millj. kr.
- Með framtíðarskuldbindingum er staða sjóðsins neikvæð um 44,3% samanborið við 41,9% árið áður.
- Nafnávöxtun sjóðsins var 11,2% á árinu 2020 en hækkun vísitölu auk 2% tryggingar var 10,7%.
- Vegna núvirðingar og endurmats á eignum sjóðsins í matinu þá kemur töluverður frádráttur bæði á skuldabréf og skráð hlutabréf sem er nokkuð hærri á árinu 2020 en árið áður. Þetta vegur töluvert á móti þeirri ávöxtun sem var á eignum sjóðsins en frádrátturinn var kr. 1.280,2 millj. í árslok 2020 samanborið við kr. 848,5 millj. í árslok 2019.
- Launahækkunar hjá virkum sjóðfélögum milli 2019 og 2020 eru hærri en á vísitölu og hækkunar á skuldbindingum sjóðsins eru því meiri en uppreikningur út frá vísitölu gefur til kynna.
- Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru óbreyttar milli ára.
- Við höfum einnig farið yfir flokkun, framsetningu og upplýsingar í skýringum í ársreikningi sveitarfélagsins og er það mat okkar að þar séu veittar viðeigandi upplýsingar í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins.

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendur

Samkvæmt álitni frá reikningsskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2020 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 10.785 millj. og hækka um kr. 265 millj. milli ára. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lóðaleigutekjur sveitarfélagsins hækka um 2,5% milli álagningar 2020 og 2021. Lóðir og lendur eru ekki afskrifaðar.

Endurmat veitukerfa og fasteigna Norðurorku hf.

Í árslok 2018 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum Norðurorku. Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis en gangvirði veitukerfa og fasteigna félagsins var ákvarðað útfrá afskrifuðu endurstofnsverði. Endurmat er fært til hækkunar á bókfærðu verði eigna og móti á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti. Þá hækkuðu gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi 2019 mikið vegna endurmatsins.

Minnisblað var unnið vegna endurmats og virðisrýrnunar og er það mat stjórnenda félagsins að ekki séu sérstakar vísbendingar um virðisrýrnun og að ekki sé heldur ástæða til þess að endurmeta eignir nú. Við erum sammála því mati að litlar líkur séu á að eignir félagsins hafi orðið fyrir virðisrýrnun frá því að endurmat var framkvæmt í árslok 2018. Einnig teljum við ekki þörf á endurmati eigna nú en mikilvægt er að farið sé yfir og lagt mat á helstu forsendur fyrir virðisrýrnun og endurmati árlega.

Fyrirframinnheimt gatnagerðargjöld

Færð er upp skuldbinding vegna fyrirframinnheimtra gatnagerðargjalda hjá sveitarfélaginu undir Eignasjóði gatna. Í árslok 2020 nam skuldbindingin kr. 248,2 millj. samanborið við kr. 284,3 millj. í ársbyrjun. Framkvæmdir við götur á árinu 2020 voru umfram lóðaleigutekjur og því lækkar skuldbindingin. Haldið er utan um skuldbindinguna niður á einstök hverfi og mun skuldbindingin færast niður samhliða framkvæmdum við gatnagerð í viðkomandi hverfum á næstu árum.

Lífeyrisskuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar að fjárhæð kr. 4.979 millj. hjá A og B hluta. Auk þess hefur verið færð hjá A hluta skuldbinding vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð kr. 194 millj. kr. í árslok 2020.

Færð er upp krafa vegna fyrirframgreiðslna á lífeyrisskuldbindingum til Brúar Lífeyrissjóðs sbr. umfjöllun á bls. 13 í skýrslunni.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin sérstök frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og lykilorði í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Farið var yfir ferlalyfingar fyrir alla helstu viðskiptaferla í starfsemi sveitarfélagsins. Greindar voru helstu eftirlitsaðgerðir í ferlunum og framkvæmd þeirra metin. Heilt yfir eru litlar breytingar á helstu viðskiptaferlum sveitarfélagsins milli ára.

Aðfangarferli

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Rafrænt samþykktarferli er innbyggt í fjárhagskerfi sveitarfélagsins og fer allur almennur kostnaður í gegnum það kerfi. Tekið var úrtak úr vöru og þjónustukaupum sveitarfélagsins og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af réttum aðila og hvort skráning væri í lagi. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að samþykktarferlið sé virkt og vel upp sett.

Launaferli

Farið var yfir grunngögn vegna launavinnslu fyrir valin launátímabil innan ársins. Meðal annars var skoðað hvort til staða væru ráðningarsamningar og hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að eftirlit í ferlinu sé virkt og vel upp sett.

Framkvæmdir og eignfærslur rekstrarfjármuna

Farið var yfir framkvæmdir ársins hjá sveitarfélaginu og meðal annars setinn fundur með stjórnendum þar sem ákvarðanir voru teknar um eignfærslu framkvæmda-kostnaðar á árinu 2020.

Tölvuumhverfi og eftirlit með fjárhagsupplýsingum

Farið var yfir tölvuumhverfi sveitarfélagsins, skoðuð lykilorði tengd fjárhagsupplýsingum og eftirlit í ferlinu metið.

Engar verulegar breytingar voru gerðar á upplýsingatækniumhverfi sveitarfélagsins á árinu 2020. Sveitarfélagið úthýsir rekstri tölvukerfa til Advania sem sjá um hýsingu og almenna tölvuþjónustu. Origo sjá svo um hýsingu og þjónustu við SAP fjárhagskerfi sveitarfélagsins.

Niðurstaða

Við höfum ekki greint verulega veikleika í aðgreiningu starfa eða innra eftirliti almennt hjá sveitarfélaginu. Lykileftirlitsaðgerðir eru að okkar mati virkar.

Önnur mikilvæg atriði

Áhrif Covid-19 - upplýsingagjöf

Mikil óvissa er hefur verið og er nú áfram í rekstri sveitarfélaga og fjölmargra fyrirtækja hér á landi vegna áhrifa Kórónaveirunnar Covid-19. Þessi mikla óvissa hefur haft umtalsverð áhrif á tekjur og útgjöld sveitarfélagsins. Óvissan er áfram til staðar og munu áhrif veirunnar líklega vara eitthvað fram eftir árinu 2021.

Ársreikningaskrá hefur gefið út tilmæli þar sem mælst er til þess að félög fjalli sérstaklega um áhrif af Covid-19 á afkomu og stöðu viðkomandi félaga í skýrslu stjórnar. Í samræmi við það er settur fram eftirfarandi texti í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra og einnig í skýringu 22 í uppgjörunni:

Texti í skýrslu stjórnar:

Covid-19 faraldurinn sem nú geisar hefur haft veruleg áhrif á sveitarfélagið á mörgum sviðum og ekki er ljóst hver endanleg áhrif faraldursins verða meðal annars vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur. Nánar er fjallað um áhrif faraldursins á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins í skýringu 22.

Texti í skýringum:

Covid-19 faraldurinn, sem fyrst heyrðist af í upphafi árs 2020, hefur haft veruleg áhrif á sveitarfélagið á mörgum sviðum. Efnahagslegar afleiðingar hans t.d. vegna útgöngu- og samgöngubanns meðal fjölda ríkja heims, þar á meðal á Íslandi, hafa verið verulegar. Ekki er ljóst hver endanleg áhrif hans verða m.a. vegna óvissu um hve lengi hann muni vara og þá hver endanleg áhrif hans verða þegar honum lýkur. Áhrif faraldursins á sveitarfélagið hafa m.a. falist í endurgreiðslu á þjónustugjöldum þar sem ekki var hægt að veita þjónustu, frestun á innheimtu fasteignagjalda og annarra tekna. Faraldurinn hafði veruleg áhrif á tekjur s.s. hjá Hlíðarfjalli, Sundlaug Akureyrar og Hafnarsamlagi Norðurlands sérstaklega. Jafnframt jukust útgjöld á ýmsum sviðum við uppskiptingu margra vinnustaða vegna sóttvarna og fjárfesta þurfti nokkuð í ýmsum búnaði vegna heimavinnu starfsmanna þar sem því var við komið. Það er ljóst að áhrifa faraldursins mun gæta áfram á árinu 2021, en það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að greiðsluhæfi þess sé ekki skert þrátt fyrir þetta.

Staða sveitarfélagsins hefur verið góð, skuldahlutfall þess hefur þó hækkað nokkuð milli ára en er í lagi og á sveitarfélagið að geta vel staðið af sér tímabundið áfall sem þetta. Stjórnendur telja að greiðsluhæfi sveitarfélagsins sé ekki skert þrátt fyrir veruleg áhrif veirunnar á rekstur ársins 2020 og áframhaldandi óvissu á árinu 2021. Við teljum ekki ástæðu til þess að breyta áritun okkar á ársreikning samstæðunnar vegna þessa en teljum hins vegar mikilvægt að komið sé inn á þessi mál í ársreikningnum og hér í skýrslunni.

Staðfesting á óhæði

Við erum óháð Akureyrarbæ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitneskju höfum við sem endurskoðendur ekki veitt Akureyrarbæ neina óheimila þjónustu samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

a) innihalda yfirlýsingu um óhæði, sem um getur í a-lið 2. mgr. 6. gr.,

- Staðfestingu á óhæði er að finna á bls. 16 í endurskoðunarskýrslunni.

b) ef endurskoðunarfyrtæki annaðist lögboðnu endurskoðunina skal tilgreina í skýrslunni sérhvern áritunarendurskoðanda sem átti aðild að endurskoðuninni,

- Davíð Búi Halldórsson og Niels Guðmundsson, löggiltir endurskoðendur eru áritunarendurskoðendur í verkefninu.

c) ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hefur gert ráðstafanir um að eitthvert starfa hans eða þess sé í höndum annars löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis, sem er ekki aðili að sama tengslaneti eða hefur nýtt vinnu utanaðkomandi sérfræðinga, skulu þessi atriði koma fram í skýrslunni og þar skal staðfest að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið hafi móttengið staðfestingu frá hinum löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrtækinu og/eða utanaðkomandi sérfræðingnum um óhæði þeirra,

- Við höfum nýtt okkur vinnu tryggingastærðfræðings LSA og í tengslum við það höfum við metið óhæði og hæfni viðkomandi sérfræðings.

d) lýsa eðli, tíðni og umfangi samskipta við endurskoðunarnefndina eða aðilann, sem sinnir sambærilegum verkefnum innan endurskoðuðu einingarinnar, framkvæmdastjórn og stjórn eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar, þ.m.t. dagsetningum funda með þessum einingum,

- Vegna skipulagningar þá funduðum við með sviðsstjóra fjársýslusviðs og aðalbókara sveitarfélagsins þann 27. nóvember 2020, með bæjarstjóra þann 15. janúar 2021 og með formanni bæjarráðs þann 14. janúar 2021. Endurskoðunaráætlun var lögð fram á þessum fundum og hún yfirfarin.

e) fela í sér lýsingu á umfangi og tímasetningu endurskoðunarinnar,

- Skipulagningarvinna og áhættumat vegna verkefnisins fór fram á tímabilinu október til janúar en meginþungi endurskoðunarvinnunnar var svo í lok febrúar og fram í apríl 2021. Tímaáætlun vegna verkefnisins gerði ráð fyrir um 400 – 450 klst. og er sú áætlun að ganga upp.

f) lýsa skiptingu verkefna meðal löggiltu endurskoðendanna og/eða endurskoðunarfyrtækjanna ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafa verið tilnefnd,

- Á ekki við.

g) lýsa þeirri aðferðafræði sem beitt er, þ.m.t. hvaða liðir efnahagsreiknings hafa verið sannreyndir með beinum hætti og hvaða liðir hafa verið sannreyndir út frá kerfis- og samræmisprófun, þ.m.t. skýring á hvers kyns verulegum breytileika í vægi kerfis- og samræmisprófana í samanburði við næstliðið ár, jafnvel þótt annar löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur) eða endurskoðunarfyrtæki hafi annast reikningsskil næstliðins árs,

- Nálgun okkar á endurskoðunina er með svipuðum hætti og undanfarin ár. Við höfum sannreynt með beinum hætti efnahagsliði sveitarfélagsins en úrtakskönnunum og greiningum var beitt gagnvart rekstrarliðum, þ.e. Rekstrartekjum, launum, öðrum rekstrarkostnaði og fjármagnsliðum.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

h) upplýsa um magnbundin mikilvægismörk sem notuð eru við lögböðna endurskoðun reikningsskila í heild og mikilvægismörk, þar sem við á, vegna tiltekinna flokka viðskipta, stöðu reikninga eða skýringa og upplýsa um eigindlega þætti sem tekið var tillit til við ákvörðun mikilvægismarka,
- Upplýsingar um mikilvægismörk er að finna á bls. 5 í skýrslunni.

i) greina frá og útskýra mat á atburðum eða aðstæðum, sem komið er auga á meðan á endurskoðun stendur, og gætu vakið verulegar efasemdir um getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi sínu og hvort þau fela í sér verulega óvissu og leggja fram yfirlit um allar ábyrgðir, staðfestingarbréf, vilyrði um opinbera íhlutun og aðrar stuðningsráðstafanir sem litið hefur verið til við mat á áframhaldandi rekstrarhæfi,
- Ekkert slíkt hefur komið fram. Verulegt tap er á rekstri ársins en gerð er grein fyrir áhrifum covid-19 á afkomuna í skýrslu stjórnar og skýringum.

j) greina frá öllum verulegum brotalömum hjá endurskoðuðu einingunni eða, ef um er að ræða samstæðureikningsskil, hjá móðurfélaginu í innra eftirliti með fjármálum þess og/eða í bókhaldskerfinu. Í viðbótarskýrslunni skal tekið fram fyrir sérhverja slíka verulega brotalöm hvort fundin hefur verið lausn á umræddri brotalöm af hálfu stjórnenda eða ekki,
- Engar verulegar brotalamir hafa komið fram við endurskoðunina en við vísum til umfjöllunar um niðurstöður innri endurskoðunar á bls. 15 í skýrslunni.

k) greina frá öllum verulegum atvikum sem fela í sér, eða grunur leikur á um að feli í sér, að ekki hafi verið farið að lögum og reglugerðum eða samþykktum, sem fram komu við endurskoðunina, að því marki sem þau eru talin skipta máli til að endurskoðunarnefndinni sé kleift að ljúka verkefnum sínum,
- Ekkert hefur komið fram við endurskoðunina sem bendir til þess að sveitarfélagið hafi ekki farið að lögum, reglugerðum eða samþykktum sínum.

l) greina frá og meta matsaðferðir, sem beitt er gagnvart ýmsum liðum í árlegum reikningsskilum eða samstæðureikningsskilum, þ.m.t. hvers kyns áhrif sem breytingar á þessum aðferðum hafa,
- Matsaðferðir sveitarfélagsins eru óbreyttar milli ára og vísum við til umfjöllunar um yfirferð á matsliðum á bls. 11 – 13 í skýrslunni.

m) ef um er að ræða lögböðna endurskoðun á samstæðureikningsskilum að skýra umfang samstæðunnar og útilokunarforsendur, sem endurskoðaða einingin beitir gagnvart einingum, sem ekki eru í samstæðunni, ef einhverjar eru, og hvort þessar forsendur, sem beitt er, séu í samræmi við reikningsskilareglur,
- Undir samstæðureikning sveitarfélagsins falla A og B hluta stofnanir auk dótturfélagsins Norðurorku hf. Þar sem starfsemi dótturfélagsins Flokkun Eyjafjarðar ehf. er óveruleg er ársreikningi þess félags haldið utan við samstæðuna en gerð er grein fyrir þessu í skýringu nr. 2 varðandi mat á eignarhlutunum í félögum.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækj, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

n) greina, eftir atvikum, frá hvers kyns vinnu við endurskoðun af hálfu eins eða fleiri endurskoðenda, endurskoðunarfélaga eða endurskoðunarfyrtækja þriðju landa í tengslum við lögboðna endurskoðun samstæðureikningsskila annarra en þeirra sem eru aðilar að sama tengslaneti og endurskoðandi samstæðureikningsskilanna,
- Á ekki við – engir aðrir endurskoðendur en við hjá Enor komum að vinnunni.

o) taka fram hvort endurskoðaða einingin lagði fram allar skýringar og skjöl, sem beðið var um,
- Stjórnendur sveitarfélagsins hafa veitt okkur alla þá aðstoð og aðgang að gögnum sem við höfum óskað eftir.

p) greina frá:

- i. öllum verulegum vandkvæðum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina,
- ii. öllum mikilvægum málefnum sem upp komu vegna lögboðnu endurskoðunarinnar sem rædd voru eða voru tilefni bréfaskipta við stjórnendur og
- iii. öllum öðrum málefnum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina sem samkvæmt faglegu mati endurskoðandans eru mikilvæg við umsjón með ferlinu við gerð reikningsskilanna.

- Engin veruleg vandkvæði komu upp við endurskoðunarvinnuna og við teljum okkur hafa greint frá öllum helstu málum í einstökum köflum í endurskoðunarskýrslunni.

3. Ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækj hafa verið ráðin samtímis og risið hefur ágreiningur milli þeirra um verklag við endurskoðun, reikningsskilareglur eða eitthvað annað álitaefni, sem varðar framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar, skal útskýra ástæður fyrir ágreiningnum í viðbótarskýrslunni til endurskoðunarnefndarinnar.

- Á ekki við – engir aðrir endurskoðendur en við hjá Enor komum að vinnunni.